

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/03/22

frá 16. febrúar 2000

um að samþykkja áætlun um smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun sem Frakkland lagði fram fyrir eldisstöðina „Sources de la Fabrique“(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 379)

(Einungis franski textinn hefur lagagildi)

(2000/174/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta lagt áætlun fyrir framkvæmdastjórnina í því skyni að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar fyrir fiskeldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt með tilliti til tiltekinna sjúkdóma.
- 2) Frakkland lagði áætlun fyrir framkvæmdastjórnina um smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN) og veirublóðeitrun (VHS) með tilliti til þess að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar fyrir eldisstöðina „Sources de la Fabrique“ í Valence (Drôme).
- 3) Í áætluninni er lýst landfræðilegri legu viðkomandi eldisstöðvar, ráðstöfunum sem opinberum þjónustustofnunum ber að gera, reglum sem viðurkenndum rannsóknarstofum ber að fylgja, algengi viðkomandi sjúkdóma og ráðstöfunum sem ber að grípa til ef sjúkdómarnir koma upp.
- 4) Athugun hefur leitt í ljós að áætlunin samræmist 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætlunin um smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun á eldisstöðinni „Sources de la Fabrique“, sem Frakkland lagði fram, er hér með samþykkt.

2. gr.

Frakkland skal samþykkja nauðsynleg ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að fara að áætluninni sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Lýðveldisins Frakklands.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 55, 29.2.2000, bls. 77, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.